



Breikkun Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi.

Dags. 28. apríl 2022 /2105939

Minnisblað – Ferill málsins

Á fundi skipulagsráðs 5. júlí 2021 var lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 27. maí 2021 með breytingum dags. 1. júlí 2021 um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 að grenndarkynna ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi með takmörkunum fyrir hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum að fengnu álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Grenndarkynning var send 18. ágúst 2021 með athugasemdafresti til 17. september 2021. Athugasemdir bárust á kynningartíma. Á fundi skipulagsráðs 20. september 2021 var umsókninni ásamt innkomnum athugasemdum vísað til umsagnar skipulagsdeildar.

Á fundi skipulagsráðs 4. október 2022 var umsóknin lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsdeildar dags. 1. október 2021. Skipulagsráð samþykkti umsóknina með þeim takmörkunum að aðeins væri um að ræða byggingu vegarins og að hann yrði tekinn í notkun samhliða síðasta hluta áfangans. Afgreiðslunni var vísað til bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 12. október 2021 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Með erindi frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 30. nóvember 2021 barst afrit stjórnarsýslukæru þar sem kærð er ákvörðun um útgáfu ofangreinds framkvæmdaleyfis. Þá barst með erindi frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 7. apríl 2022 úrskurður nefndarinnar í málinu.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að annmarkar hafi verið á málsmeðferð þar sem greinargerð um afgreiðslu framkvæmdaleyfisins hafi ekki legið fyrir við samþykkt þess, sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga. Var ákvæðinu breytt árið 2019 þar sem eftirfarandi málsliðum var bætt við ákvæðið: „Þá skal sveitarstjórn leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar til grundvallar. Sveitarstjórn skal enn fremur taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.“

Að mati úrskurðarnefndarinnar báru gögn málsins það ekki með sér að bæjarstjórn hafi kynnt sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og tekið afstöðu til þess hvort að framkvæmdin samrýmdist greindri matsskýrslu eða lagt mat á álit Skipulagsstofnunar. Var því ekki nægilegt að matsskýrslan hafi legið fyrir fund skipulagsráðs þar sem ekki hafi verið hægt að ganga út frá því með vissu að bæjarstjórn hafi kynnt sér skýrsluna. Var framkvæmdaleyfið því fellt úr gildi.